

## Mál nr. 2

### Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Víkings, Ólafsvík gegn Knattspyrnudeild HK, Kópavogi

#### Kæra Víkings Ó.

Víkingur Ólafsvík leggur fram kæru vegna leiks Víkings Ó. og HK í 3. flokki karla, 7 manna liðum, sem fram fór 11. júlí 1998 kl. 14:00.

Málsatvik eru þau, að leikurinn átti að hefjast kl. 15:00, og voru Víkingar tilbúnir með sitt lið, en lið HK mætti ekki til leiks fyrr en skömmu eftir settan leiktíma. Því næst hófst leikurinn, en frá honum er þess helst að minnast að dómari stóð sig ágætlega.

En HK-ingar voru í allt öðrum hugleiðingum en um knattspyrnu. Af þeirra hálfu var ekkert annað haft í frammi en handalögmál og leiðindi, auk stöðugra fúkyrða og hótana í garð Víkinga, og þar lét piltur í gervi þjálfara sitt ekki eftir liggja. Sem sagt, allt annað en drengskapur var hafður við.

Bent er á ákvæði nr. 3.9.4.2.3. í lögum KSÍ um knattspyrnumót:

Íslandsmót – 3. flokkur karla, 7 manna lið: “Leikmaður er aðeins hlutgengur með einu liði gegn sama félagi. Hlutgengir til leiks í hvert sinn eru allir leikmenn hvers félags nema þeir sem hófu næsta leik á undan með 11 manna liði félagsins í Íslandsmóti eða bikarkeppni”.

Leikinn kærum við vegna ólöglegra leikmanna samkvæmt ofangreindri reglugerð. Til sönnunar eru meðfylgjandi leikskýrslur, þar af önnur frá leik 11 manna liðs HK sem leikinn var skömmu áður en ofangreindur leikur fór fram. Samkvæmt leikskýrslu úr viðureign okkar eru 8 menn ólöglegir sbr. lög um 7 manna lið.

Umf. Víkingur Ólafsvík fer fram á að Víkingi verði dæmdur sigur í leiknum og að stjórn HK taki þetta mál til athugunar, því svona lagað líðst ekki í okkar félagi og ef slíkt gerðist hjá okkur þá myndum við vilja vita það strax.

Virðingarfyllst, UMF Víkingur Ólafsvík  
Ríkharður Kristjánsson, formaður

#### Úrskurður Knattspyrnudómstóls Reykjaness

Þann 9. ágúst kl. 12:00 kom Knattspyrnudómstóll Reykjaness saman í fundarsal KSÍ í Laugardal. Tekið fyrir var mál nr. 1/1998, knattspyrnudeild UMF Víkings Ólafsvík gegn knattspyrnudeild HK.

Í málinu liggja fyrir eftirfarandi málsskjöl:

1. Kæra UMF Víkings dags. 16/07/98 ásamt fylgiskjöllum.
2. Leikskýrsla vegna leiks Selfoss gegn HK dags. 09/07/98.

Af hálfu kæranda mætti Birgir Örn Birgisson.

Af hálfu kærða mætti enginn.

Með vísan til 12.tl. 7.gr í dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ þar sem mælt er fyrir um afleiðingar þess að kærði mætti ekki án löglegra forfalla, skal hann þegar í stað sviptur hlutgengi til bráðabirgða og máli frestað á meðan.

Með vísan til þessa er kærði hér með sviptur hlutgengi til bráðabirgða til 17. ágúst 1998 kl. 12:00.

Máli þessu er frestað til 17. ágúst kl 12:00 og verður það þá tekið fyrir á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli.

Aðilar eru hér með boðaðir til þinghalds á ofangreindum tíma og stað.

Dómþingi frestað kl. 12:45

Ásbjörn Jónsson  
Halldór Frímansson  
Gunnar Vilbergsson

### **Úrskurður Knattspyrnudómstóls Reykjaness**

Þann 17. ágúst kl. 12:00 kom Knattspyrnudómstóll Reykjaness saman í fundarsal KSÍ í Laugardal. Tekið var fyrir mál nr. 1/1998 , knattspyrnudeild UMF Víkings Ólafsvík gegn knattspyrnudeild HK.

Af hálfu kæranda er ekki mætt.

Af hálfu kærða mætir Víðir Sigurðsson, formaður unglingaráðs knattspyrnudeildar.

Með vísan til 7. gr 11. hl. í dóms- og refsíákvæðum fyrir ÍSÍ þar sem kveðið er á um að mál skuli fellt niður ef kærandi eða umboðsmaður hans sækir ekki þing er málið hér með fellt niður.

### **Dómsorð**

Mál þetta er fellt niður vegna útivistar kæranda.

Halldór Frímansson  
Gunnlaugur Magnússon  
Ásbjörn Jónsson